

## FRÉTTIR



Morgunblaðið/Kristinn

Á HINNØY, sem er 370 tonn, er 38 manna áhöfn en mestan hluta ársins starfar það við suðurströnd Noregs.

## Sprengju-leitaræfing í Faxaflóa

STJÓRNENDUR norska tundurduflasæðarans Hinnøy, sem er eitt af 6 skipum úr fastaflota Atlantshafsbandalagsins sem hér er í heimsókn, sýndu yfirmönnum Landhelgisgæslunnar, ríkislögreglustjóra, aðilum úr utanríkis- og dómsmálaráðuneytinu, utanríkisnefnd og fjölmiðlum hvernig nýjustu tækni er beitt í leit að tundurduflum á Faxaflóa á miðvikudaginn.

Skipið þykir mjög fullkomið bæði hvað varðar hönnun sem og í hernaðarlegum tilgangi en það var smíðað hjá Kværner Mandel í Noregi árið 1994-5. Það er systurskip 8 slkra sem norski herinn notar við leit að tundurduflum og leystu þau af hólmi eldri skip sem smíðuð voru í upphafi sjötta áratugarins. Kostnaður við smíði á Hinnøy nam rúmum 3 milljörum króna sem þykir nokkuð mikið fyrir 55 metra langt skip og er ástæðan sú að fylgja þurfti öðrum lögmálum heldur en tíðkast með hin hefðbundnu herskip.

Hinnøy er byggt úr treffjaplasi og eru aðrir hlutir úr ósegulmögnum málum eins og titani, eir og áli. Þetta er gert til að komast hjá að dufl, sem skynja segulsvið, springi við



Morgunblaðið/

FJARSTÝRÐUR kafbátur var notaður við leitina en honum var ætlað að kanna hvort um raunverulega sprengju var að ræða.

nálgun skipsins. Það er knútið tveimur öflugum dísilvélum og er hámarkshraði þess um 20 hnútar. Segja má að skipið sé sambland af tvíbytnu og loftpúðaskipi þar sem tvær loftdælar sjá um að lyfta því upp um rúman metra. Með því minnkar



Morgunblaðið/

EFTIR að leit var lokið var farið um borð í Vidar þar sem snæddur var hádegisverður. Tómas Ingi Olrich og Siv Friðleifsdóttir úr utanríkisnefnd létu rigninguna engin áhrif hafa á sig.

sá flötur sem er neðansjávar og lenti það í sprengingu er minni hættu á tjóni. Einnig nær það mun meiri hraða en sambærileg skip og er það talið einn hraðskreiðasti tundurduflasæðari heimsins í dag.

### „Tundurduflaleit“ við Kjalarnes

Við leit að tundurduflum er beitt hljóðsjá sem er í tveggja metra löngum armi sem stendur niður úr skipinu miðju. Hún kannar svæðið í allt að 200-300 metra radíus, bæði botninn sem og sjóinn, og skráir tölva jafnóðum staðsetningu, botnlag og hvort eitthvað sé á honum sem líkist sprengju. Finnist eitthvað slíkt er hluturinn kannaður, annaðhvort með fjarstýrðum kafbáti eða kafara. Að meðaltali tekur um hálf tíma upp í klukkustund að athuga hvern hlut og ef um sprengju er að ræða er hún annaðhvort sprengd á staðnum eða gerð óvirk.

Í tundurduflaleitinni í Faxaflóa komust þátttakendur að því hversu erfið og seinleg slík leit getur verið. Komið hafði verið fyrir æfingadufli skammt fyrir sunnan Kjalarnes á um 30 metra dýpi. Eftir að hljóðsjá skipsins hafði numið torkennilegan hlut tók við leit með fjarstýrða kafbátum. Ekki náði hann að staðsetja hlutinn og á endanum gerði kafari duflid óvirk og tók þetta nokkru lengri tíma en ráð hafði verið fyrir gert. Meginástæða þess að ekki gekk að finna hlutinn með kafbátum var sú að ekki vannst tími til að fínstillta hljóðsjána miðað við hita- og seltuskil sjávar hér við land. Þetta er þekkt vandamál og þarf að stilla búnaðinn að nýju þegar komið er á aðrar slóðir.

Annars þótti ferðin heppnast vel og sögðu talsmenn Landhelgisgæslunnar heimsókn sem þessa mikilvægan þátt í starfsemi hennar.

Jón Jóhannes Jónsson um gagnrýni Kára Stefánssonar

## „Ómakleg ummæli“

JÓN Jóhannes Jónsson, dósent og forstöðulæknir rannsóknadeildar Landspítalans, telur ómakleg þau ummæli Kára Stefánssonar, forstjóra Íslenskrar erfðagreiningar, að meðal þeirra sem leiddu andfíð gegn gagnagrunnsfrumvarpinu á liðnu vori hafi verið einstaklingar sem í raun hafi verið að vernda eigin viðskiptahagsmuni.

„Ég er háskólakennari við Háskólasjúkrahús og sem slíkur veiti ég forstöðu, bæði við Háskólann og Landspítalann, háþróaðri lífefna- og sameindaerfðafræðistarfsemi. Ég er einn af sérfræðingum landsins í erfðavísindum, og því leita til mín ýmsir aðilar um möguleika á fyrirtækjum á sviði líftækni og erfðafræði,“ segir Jón Jóhannes. Hann segir að nokkrir hafi haft samband við hann í þessum hugleiðingum, alveg frá því um síðustu áramót. Hann kveðst hafa rætt málin við þá. „Ég hef veitt þeim öllum svipaða ráðgjöf varðandi möguleika til erfðarannsóknna á Íslandi. Ég hef sagt þeim að við séum tilbúnir til samstarfs við hvern sem er ef það er á eðlilegum forsendum,“ segir hann.

### Höfum ekki tekið neina ákvörðun um samstarf

„Þetta fyrirtæki sem nú er verið að setja á laggirnar kemur ekki inn í myndina fyrr en löngu eftir umræðuna um gagnagrunnsfrumvarpið í vor. Þeir sem að því standa eru með ýmsar athyglisverðar hugmyndir, bæði um það hvernig eigi að stunda rannsóknir og hvernig þessi starfsemi eigi að skila arði inn í þjóðfélagið og heilbrigðiskerfið. Við höfum ekki tekið neina ákvörðun um samstarf við þá og sú ráðgjöf sem ég hef veitt þeim hefur verið ólaunuð, rétt eins og ráðgjöf til annarra. Það er hluti af starfi mínu og hluti af markmiðum Háskóla Íslands að vera í góðu sambandi við atvinnulíf og nota þá þekkingu sem er til innan háskólans til þess að færa hana út í atvinnulíf. Þetta er það sem ég hef verið að gera,“ segir Jón Jóhannes og bætir við að hann hafi veitt Íslenskri erfðagreiningu margvíslega aðstoð.

## Bryndís Hlödversdóttir, þingmaður Alþýðubandalagsins, um frumvarp um gagnagrunna

BRYNDÍS Hlödversdóttir, þingmaður Alþýðubandalagsins, segir að frumvarp um gagnagrunna á heilbrigðisviði hafi tekið jákvæðum breytingum að mörgu leyti við yfirferð þeirrar nefndar sem hefur unnið að endurskoðun þess í sumar, en þó margt hafi vissulega verið lagað, þá sé ennþá margt í skötulíki.

Bryndís sagði að jákvæðustu breytingarnar vörðuðu fyrst og fremst rétt einstaklinga til þess að neita að upplýsingar um þá fari inn í grunninn. Frumvarpið sé einnig miklu skýrara en það hafi verið í vor, enda hafi það kannski verið óvenju illa unnið þegar það hafi komið fyrst fyrir þingið. Hins vegar vanti nokkuð upp á að nægilega skýrt sé kveðið á um hvernig með sérleyfið skuli fara.

### Ódýr lausn

„Í raun og veru er öllum vandamálum sem upp kunna að koma um leyfið vísað til nefndar sem á að leysa úr einstökum málum þegar þau koma upp og það er frekar ódýr lausn á stóru löggjafarverkefni. Ég hef bent á það til dæmis að löggjafinn hefur séð ástæðu til þess að fjalla ítarlega um það í löggjöf hvernig skuli fara með það þegar mönnum sé veitt sérleyfi á rútu og eins hefur nú nýlega verið sett mjög ítarleg löggjöf um rafræna skráningu verðbréfa. En þessa eina verðmætustu auðlind þjóðarinnar, upplýsingar um erfða-

## Bætur gerðar en margt í skötulíki

samsetningu Íslendinga, ætla ríkisstjórnin hins vegar að afgreiða með því að búa til nefnd og vísa umræðum um þessi viðkvæmu álitamál út úr söllum Alþingis og það gengur ekki að mínu mati,“ sagði Bryndís.

Hún bætti því við að enn væri stórum pólitískum og síðferðilegum spurningum ósvarað í þessum efnunum. „Af hverju til dæmis að gera samhæfðan gagnagrunn, ef það er hægt að ná viðlíka árangri með því að vinna með marga sérhæfða gagnagrunna, eins og við höfum til dæmis í dag, krabbameinsskrána, hjarta-verndarskrána o.s.frv? Er þetta ekki of mikil áhætta að taka þar sem er viðurkennt að það skapar mikla hættu á misnotkun við samkeyrslu upplýsinga um einkahagi fólks að gera þennan samhæfða grunn? Ég er þeirrar skoðunar að einstaklingar séu persónugreinanlegir í mjög mörgum tilfellum í slíkum grunnunum, þó upplýsingar sé dulkóðaðar. Við er-

um svo fáir Íslendingar að það er ekkert mál að finna einstaklinga í þessum grunnunum,“ sagði Bryndís.

Hún sagði að þegar saman kæmi heilsufarssaga viðkomandi einstaklings og fjölskyldusaga hans væri ekki erfitt að komast að því hver hann væri vegna fámennisins hér. „Við vitum að svona upplýsingar eru gífurlega eftirsóttar af til dæmis tryggingarfyrirtækjum. Það eru til dæmi um það út í heimi að atvinnurekendur hafi misnotað svona upplýsingar til að velja fólk með „æskilega sjúkrahögu“ til starfa fyrir sig. Ég reyndar efast um að skilgreining frumvarpsins á því hvað eru persónuupplýsingar standist Evrópuráðsáttmálan og samþykktir ESB um þetta efni sem okkur er þó skylt að vera í takt við,“ sagði Bryndís.

Bryndís sagðist spyrja sig þeirrar spurningar af hverju ekki ætti að fara fram útboð í

þessum efnunum. Það væri fráleitt að leita allra leiða til að forðast það að fá fram hagkvæmasta kostinn, en útboð væri einmitt ein leið til þess. Þá væri það ekki rétt sem kæmi fram í máli aðstoðarmanns heilbrigðisráðherra í Morgunblaðinu í gær að persónuupplýsingar væru ekki jafn tryggilega verndaðar í því tilviki að útboð færi fram og hæstþjóðandi fengi leyfi til að útbúa grunninn. Fyrir þessari skoðun væru ekki færð nein rök og í raun og veru væri fráleitt að halda þessu fram, því auðvitað væri hægt að setja ákveðin skilyrði fyrir skráningunni um að hún stæðist þær kröfur sem gerðar væru, hver svo sem fengi leyfið í hendur.

Bryndís sagði að ríkisstjórnin hefði í raun og veru allt frá upphafi nálgast þetta mál á röngum forsendum. „Fyrst var fundinn sá sem átti að fá gössið í hendurnar og síðan reynt að smíða utan um hann eða þetta fyrirtæki og hugmyndina einhvern lagaramma. Ég held að þetta sé í raun og veru ákveðið vandamál sem ríkisstjórnin stendur frammi fyrir í dag, þegar það hefur komið í ljós að fleiri aðilar geta kannski sinnt þessu verkefni. Það má vel vera að Íslensk erfðagreining sé sá aðili sem er best til þess fallinn að vinna þetta verkefni, en það hefur ekki verið gengið úr skugga um það og ríkisstjórninni ber að gera það áður en ákvörðun er tekin,“ sagði Bryndís einnig.